

Af marxisma

Alain Badiou. „Löngun heimspekinnar.“ Í *Af marxisma*, ritstj.
Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson, þýð.
Viðar Þorsteinsson, bls. 325-340. Reykjavík: Róttæka
sumarútgáfan, 2012.

Alain Badiou

Löngun heimspekinnar

Þessi heimspekirannsókn ýtir úr vör undir fána ljóðlistarinnar: þannig dregur hún fram hin fornu tengsl ljóðlistar og heimspeki.

Rimbaud notar undarlegt orðalag: „les révoltes logiques“, „röklegar byltingar“. Heimspekin er eitthvað í líkingu við ‘röklega byltingu’. Heimspekin stillir hugsuninni upp andspænis óréttlæti, andspænis því sem er ábótavant í heiminum og lífinu. Jafnframt stillir hún hugsuninni upp andspænis óréttlætinu í andrá sem varðveitir og heldur uppi vörnum fyrir rökfestu og skynsemi, og leggur á endanum fram nýja rökvísi.

Mallarmé tekur svo til orða: „Öll hugsun felur í sér að teningum er kastað.“ Mér virðist þessi dularfulla staðhæfing eiga við um heimspekina, því heimspekin myndast við að hugsa hið algilda – það sem á við um alla hugsun – en gerir það þó á grunni skuldbindingar þar sem hending gegnir ávallt hlutverki, skuldbindingar sem er einnig áhætta eða veðmál.

Fjórvið löngun heimspekinnar

Þessar tvær ljóðrænu formúlur fanga löngun heimspekinnar, því í grunninn felur löngun heimspekinnar í sér vísun í vídd *uppreisnarinnar*: ófullnægja hugsunarinnar í garð veraldarinnar andspænis ástandi hennar er skilyrði heimspekinnar. Samt felur löngun heimspekinnar einnig í sér *rökvísu*; það er, trú á mátt röksemnda og skynsemi. Ennfremur tengist löngun heimspekinnar *algildi*: heimspekin ávarpar alla menn sem hugsandi verur enda gerir hún ráð fyrir því að allir menn hugsji.

Síðast en ekki síst tekur heimspekin *áhættu*: hugsun er ávallt ákvörðun sem heldur á lofti sjálfstæðum sjónarmiðum. Löngun heimspekinnar hefur því fjórar víddir: uppreisn, rökvísi, algildi og áhættu.

Ég held að veröld samtímans, heimur okkar, veröldin sem við berjumst við að hugsa og umbreyta, setji gríðarmikinn þrýsting á þessar fjórar víddir löngunar heimspekinnar; svo mjög að allar fjórar víddirnar, andspænis heiminum, eru í erfiðum og myrkum ógöngum þar sem áfangastaður og jafnvel sjálf tilvist heimspekinnar eru í uppnámi.

Hvað vídd uppreisnarinnar áhrærir stundar þessi heimur til að byrja með – með heiminum er átt við heim okkar, hinn ‘vestræna heim’ (með jafn mörgum gæsalöppum og þurfa þykir) – ekki hugsun af meiði hennar og kemur tvennt til:

Í fyrsta lagi hefur þessi heimur þegar lýst sig frjálsan, hann kallar sig hinn ‘frjálsa heim’ – það er nafnið sem hann gefur sjálfum sér, og lítur á sig sem ‘eyju’ frelsis á plánetu sem annars sé ofurseld ánauð og eyðileggingu. Engu að síður staðlar og markaðsvæðir þessi heimur á sama tíma – og þetta er önnur ástæðan – skilyrðin fyrir því frelsi. Hann ofurselur þau einsleitni peninganna, og það með slíkum árangri að heimur okkar þarf ekki lengur að gera uppreisn til að verða frjáls, úr því hann tryggir okkur frelsi. Samt sem áður tryggir hann okkur ekki frjálsa nýtingu þess frelsis, því slík notkun er í raun þegar umrituð, skipulögð og teymd áfram af óendanlegu glysi varningsins. Af þessum sökum beitir þessi heimur sér af gríðarlegum þunga gegn sjálfri hugmyndinni um að hugsun geti verið óstýrilát eða uppreisnargjörn.

Heimur okkar setur einnig mikinn þrýsting á svið hins röklega; einkum sökum þess að heimurinn er ofurseldur veldi miðla sem er órókrétt í grundvallaratriðum. Miðlarnir sýna okkur alheim samansettan úr ótengdum myndum, ummælum, yfirlýsingum og skýringum sem lúta viðtekinni grunnreglu um innri ósamkvæmni. Dag eftir dag eyðileggja miðlar öll tengsl og öll viðmið, í ótækri framsetningu sem leysir upp sérhverja tengingu á milli þess sem þau gleypa með sér í flóðinu. Og það sem veldur jafnvel enn meira hugarangri er að fjölmíðlar sýna okkur heiminn sem sjónarspil án minnis, sjónarspil þar sem nýjar myndir og ný ummæli þekja, stroka yfir og fella í gleyskunnar dá sjálfar myndirnar og ummælin sem rétt í þessu var verið að sýna og viðhafa. Rökvisin sem einkum og

sér í lagi verður undan að láta er rökvísi tímans. Það eru þessi ferli miðlunarinnar sem setja þrýsting á staðfasta tryggð heimspekinnar við rökvísina; þau bjóða hugsuninni í stað þess síðarnefnda eins konar sáningu ímyndanna.

Hvað áhrærir vídd algildisins í löngun heimspekinnar, þá hentar veröld okkar henni ekki lengur vegna þess að heimurinn er í eðli sínu sérhæfður og brotakenndur; brotakenndur í svörum sínum við kröfum hinna óteljandi afleiðinga af tæknilegu skipulagi hlutanna, af vélum framleiðslunnar, af dreifingu launa, af alls kyns ólíkri virkni og getu. Allar kröfur þessarar sérhæfingar og þetta uppbrot gera það erfitt að ímynda sér hvað gæti verið algilt eða náð út fyrir hið staðbundna; þ.e. hvað gæti gilt um alla hugsun.

Að lokum höfum við vídd áhættunnar. Heimur okkar vill ekki áhættusamar skuldbindingar eða áhættusamar ákvarðanir, því þetta er heimur þar sem enginn á lengur kost á að gera tilvist sína undirorpna háska hendingarinnar. Tilveran krefst meiri og meiri flókinnna útreikninga. Lífið helgar sig því að reikna út öryggi, og líf sem er heltekið af að reikna út öryggi er andstætt kenningu Mallarmés um að hugsunin geti af sér teningakast, því í slíkum heimi er óendanlega of mikil áhætta fólgin í kasti teninganna.

Á vegi heimspekilöngunarinnar í heiminum verða því fjórar meginhindranir. Þær eru: ríki varningsins, ríki miðlanna, þörfin fyrir tæknilega sérhæfingu og þörfin fyrir raunsæja útreikninga á öryggi. Hvernig getur heimspekin mætt þessari áskorun? Ræður heimspekin við þessa áskorun? Svarsins hlýtur að vera að leita í ástandi heimspekinnar í samtíma okkar.

Staða heimspekinnar nú um stundir

Hverjar eru helstu tilhneigingar samtímaheimspeki á heimsvísu utanfrá séð?

Ég held að greina megi þrjár meginstefnur í heimspekinni nú á dögum. Þessar stefnur svara að einhverju leyti til þriggja landsvæða. Ég mun fyrst nefna þær og síðan lýsa þeim. Þá fyrstu má kenna við túlkunarfræði, en hún á rætur að rekja til þýsku rómantikurinnar. Þekktustu nöfnin í tengslum við þessa stefnu eru Heidegger og Gadamer, og sögulegir heimahagar hennar voru upphaflega þýskir. Í

öðru lagi er rökgreiningarstefnan sem á upphaf sitt í Vínarhringnum. Helstu nöfnin sem tengjast henni eru Wittgenstein og Carnap. Þrátt fyrir austurrískar rætur sínar ræður hún nú ríkjum í enskum og bandarískum heimspekideildum. Að lokum höfum við það sem kalla má póstmódernísku stefnuna, sem raunar þiggur eitt og annað frá hinum tveimur. Hún er án nokkurs vafa virkust í Frakklandi og til hennar teljast jafn ólíkir hugsuðir og Jacques Derrida og Jean-François Lyotard. Hún er að sama skapi mjög virk á Spáni, Ítalíu og í Rómönsku Ameríku.

Túlkunarfræði, rökgreining og póstmódernismi: að sjálfsögðu eru óteljandi snertifletir, blöndur og kerfi sem dreifa hugmyndum á milli allra þriggja, en í sameiningu draga þær upp besta mögulega kortið af landafræði samtímaheimspekinnar á heimsvísu. Það sem í kjölfarið vekur áhuga okkar er hvernig hver hneigið skilgreinir heimspekina eða ljær henni hlutverk.

Túlkunarfræðilega hneigiðin setur heimspekinni það markmið að ráða í merkingu Verunnar, merkingu þess að vera-í-heiminum, og mikilvægasta hugtak hennar er *túlkunarbugtakið*. Um er að ræða fullyrðingar, athafnir, skriftir og stellingar sem eiga sér óskýra, ósagða, dulda eða gleymda merkingu. Heimspekinni verður að útvega túlkunaraðferð sem skýrir þessa ráðgátu, og sækir úr henni eiginlega merkingu, merkingu sem er ætlað að draga upp mynd af örlögum okkar, verandi jafnframt örlög verunnar sjálfar. Aðalandstæðuparið í túlkunarfræðilegri heimspeki er hið lokaða og hið opna. Í því sem er gefið, í hinum ómiðlaða heimi, er eitthvað dulbúið og eitthvað lokað. Markmið túlkunarinnar er að aflétta þessari lokun og opna hana fyrir merkingu. Frá þessum sjónarhóli er köllun heimspekinnar 'köllun helguð hinu opna'. Þessi köllun merkir átök á milli heims heimspekinnar og heims tækninnar, þar sem hinn síðarnefndi er afleiðing af lokuðum níhilisma.

Rökgreiningarhneigiðin vill meina að markmið heimspekinnar sé ströng afmörkun þeirra ummæla sem hafa merkingu og þeirra sem hafa það ekki. Markmiðið er að afmarka hvað má segja og hvað er ómögulegt eða ólögmat að segja. Helsta verkfæri rökgreiningarheimspekinnar er rökfræðileg og málfræðileg greining þess sem sagt er, og á endanum tungumálsins í heild. Í þessu tilfalli er meginhugtakið ekki túlkunin heldur *reglan*. Úrlausnarefni heimspekinnar er að uppgötva reglurnar sem tryggja sátt um merkingu.

Aðalandstaðuparið hér er á milli þess sem má reglubinda og þess sem ekki er hægt að reglubinda, eða þess sem fellur að viðurkenndum lögum sem tryggja sátt um merkingu og þess sem umflýr allar útmálaðar reglur, og umbreytist þannig í tálsýn eða ósamkvæmni. Markmið heimspekinnar er í augum rökgreiningarhneigðarinnar lækandi og gagnrýnið. Hún snýst um að lækna okkur af þeim blekkingum og frávikum í tungumálinu sem koma upp á milli okkar, með því að einangra hið merkingarlausa og snúa aftur til reglna sem eru öllum auðsæjar.

Að síðustu heldur póstmóderníska hneigðin því fram að markmið heimspekinnar sé afbygging viðtekinna staðreynda um móðernískan samtíma okkar. Nánar tiltekið stingur póstmódernísk heimspeki upp á því að leysa upp hin miklu sköpunarverk 19. aldarinnar sem halda okkur fönnum – hugmyndina um hina sögulegu sjálfsveru, hugmyndina um framfarir, hugmyndina um byltingu, hugmyndina um mennskuna og vísindin sem fyrirmynd alls. Markmið hennar er að sýna að þessi miklu sköpunarverk séu úrelt, að við lifum í margfeldi, að ekki sé um að ræða neinar stórsögur í mannkynssögu eða hugsun; að það sé ósmættanlegur fjöldi upplýsingasafna og tungumála í hugsuninni rétt eins og í athöfnunum; upplýsingasafna svo fjölbreytilegra og innbyrðis ólíkra að engin ein mikilfengleg hugmynd getur tekið þau saman eða sætt þau. Í grunninn er markmið póstmódernískrar heimspeki að afbyggja hugmyndina um heildina – svo mjög að heimspekin sjálf stendur völtum fótum. Í kjölfarið virkjar hin póstmóderníska hneigð það sem kalla mætti blandaðar athafnir, af-heildrænar athafnir eða óhreinar hugsunarathafnir. Hún staðsetur hugsunina á jaðrinum, á svæðum sem ekki er hægt að umvefja. Einkum og sér í lagi staðsetur hún heimspekilega hugsun við útmörk listarinnar, og leggur til óheildanlega blöndu af hugtakabundinni aðferð heimspekinnar og skynmiðuðu verkefni listarinnar.

Sameiginlegar áherslur þriggja hneigða heimspekinnar

Eiga þessar hneigðir sem hér hefur verið lýst í stuttu máli eitt-hvað sameiginlegt? Er okkur heimilt að halda því fram að þrátt fyrir fjölbreytileikann megi finna þræði sem gefi til kynna eina og sömu samtímaheimspekina? Ég vil meina að hneigðirnar þrjár, hin

túlkunarfræðilega, rökfræðilega og póstmóderníska, eigi tvo þætti sameiginlega. Þessir sameiginlegu þættir gefa til kynna að allar hneigðirnar þrjár séu af meiddi *samtímans*, og að óháð því hversu ólíkar þær kunna að vera séu örlög þeirra samtvinnuð: þær leggja ekki einfaldlega fram eina mögulega skiptingu hugsunarinnar heldur er nær lagi að segja að þær veiti heimspekilegum kröfum okkar tíma þrenns konar tjáningu.

Fyrsti þátturinn er neikvæður. Allar þrjár hneigðirnar fela í sér það viðhorf að við séum við endamörk frumspekinnar, að heimspekin sé ekki lengur í aðstöðu til að viðhalda sínum *locus classicus*; þ.e. hinni miklu ímynd frumspekilegrar fullyrðingar. Á vissan hátt halda hneigðirnar þrjár því fram að heimspekin sjálf sé stödd við endalok heimspekinnar, eða að heimspekin tilkynni um ákveðin endalok sjálfrar sín.

Við getum strax tekið þrjú dæmi. Það er ljóst að í hugsun Heideggers er spurningin um endalokin miðlæg. Í augum hans einkennast tímar okkar af lokun frumspekisögunnar, og þar með heils söguskeiðs sem hófst með Platoni, heils tímaskeiðs veru og hugsunar. Þessi endalok gera fyrst vart við sig í þeim hörmungum og eyðileggingu sem valdboð tækninnar hefur í för með sér.

Engin heimspeki gæti staðið Heidegger fjær en sú sem Carnap skóp. Engu að síður boðar Carnap að hvers kyns frumspeki sé ekki lengur möguleg vegna þess að í hans augum er frumspeki ekkert annað en fullyrðingar sem lúta engum reglum og eru merkingarlausar. Markmið rökleggrar lækningar er að lækna sjúkdómseinkenni frumspekinnar; þ.e. að lækna sjúklinginn af tali sem greining leiðir í ljós að ekki er hægt að samþykkja þar sem það er laust við merkingu.

Ef við horfum til Jean-François Lyotard er eitt helsta áhersluatriði hans það sem hann nefnir 'endalok stórsagnanna' – stórsagna byltingarinnar, öreiganna og framfaranna. Enn eina ferðina er um að ræða 'endi': endalok stórsagna sem marka endalok hinna miklu hugarfóstra um sjálfsveru og sögu sem við höfum tengt við frumspeki nútímans.

Þannig komum við auga á sameiginlegan þráð í öllum hneigðunum þremur, og sá þráður er endalokin, að eitthvað sé að líða undir lok, að eitthvað hafi áunnist. Þennan þráð má orða á annan hátt: draumsýnin um sannleika eins og henni var haldið fram af

sígildri heimspeki hefur liðið undir lok. Í stað hugmyndarinnar um sannleika verðum við að setja hugmyndina um fjöld merkinga. Þessi andstaðupörun milli hinnar sígildu sannleikshugsjónar og þráðar samtímans utan um jafngildi ólíkrar merkingar er að mínu mati mikilvæg andstaða. Segja má á einfaldaðan en ekki alrangan hátt að samtímaheimspeki upphefji breytingaferlið frá sannleiksmiðaðri heimspeki í átt að merkingarmiðaðri heimspeki.

Í hverri þessara þriggja meginhneigða tekur samtímaheimspeki sannleikshugtakið til skoðunar, og um leið ásýnd sígildrar heimspeki. Þetta er það sem hneigðirnar þrjár eiga sameiginlegt í neikvæðum skilningi. Það sem þær eiga sameiginlegt í jákvæðum skilningi, og þetta er lykilatriði, er sú aðaláhersla sem þær leggja á tungumálið. Heimspekin á tuttugustu öld hefur öðru fremur snúist upp í hugleiðingu um tungumálið, um getu þess, reglur þess, og hvað það geti heimilað okkur þegar hugsunin er annars vegar. Þetta verður ljóst af sjálfum skilgreiningum hneigðanna sem ég hef rætt um: túlkunarfræðihneigðin snýst á vissan hátt ávallt um túlkun málathafna; rökgreiningarhneigðin snýst um átökin milli þess sem sagt er og reglnanna sem það lýtur; og póstmóderníska hneigðin heldur á lofti hugmyndinni um fjöld setninga, brot, samræðuform sem þrífast án einsleitni. Tungumálið er þannig orðið að hinum mikla sögulega forskilvitleika okkar daga.

Svo að tekið sé saman: heimspeki samtímans hefur tvær grunnsetningar sem allar þrjár hneigðir hennar eiga sameiginlega. Sú fyrsta er að frumspeki sannleikans er orðin ómöguleg. Þessi grunnsetning er neikvæð. Heimspekin getur ekki lengur þóst vera það sem hún hafði lengi vel ætlað sér að vera: leitin að sannleikanum. Önnur grunnsetningin felur í sér að tungumálið sé í úrslitahlutverki sem vettvangur hugsunarinnar því það er þar sem spurningin um merkinguna skiptir svo miklu. Þannig kemur spurningin um merkingu í stað hinnar sígildu spurningar um sannleikann.

Gallarnir í heimspeki samtímans

Ég er sannfærður um að þessar tvær grunnsetningar feli í sér raunverulega ógn fyrir hugsun almennt og sér í lagi heimspekina. Ég held að áframhaldandi úrvinnsla þessara grunnsetninga og hin óend-

anlega margslungna, flókna og snilldarlega framsetning þeirra eins og hún fyrirfinnst í samtímaheimspeki geri heimspekinni ókleift að viðhalda þeirri löngun sem henni er eðlislæg andspænis þrýstingnum sem heimur samtímans setur á hana. Þessar grunnsetningar geta ekki útvegað heimspekinni verkfærin sem hún krefst til að fullnægja löngun sinni í fjórfeldi uppreisnarinnar, rökvísinnar, algildisins og áhættunnar.

Ef heimspekin er í eðli sínu hugleiðing um tungumálið þá getur hún ekki fjarlægt þá mótstöðu gegn hinu algilda sem sérhæfing og uppbrot heimsins felur í sér. Að samþykkja heim tungumálsins sem tæmandi sjóndeildarhring heimspekilegrar hugsunar felur í raun í sér að samþykkja uppbrot og blekkingu samskiptanna – því sannleikur veraldar okkar er að það séu jafn mörg tungumál og samfélögin, athafnirnar eða tegundir þekkingar. Ég er sammála því að til sé fjöldinn allur af tungumálsleikjum. Þetta neyðir heimspekina hins vegar – vilji hún varðveita löngunina eftir hinu algilda – til að staðsetja sig annars staðar en innan þessarar fjöldar, svo hún verði ekki algerlega ofurseld henni. Ef ekki, verður heimspekin það sem hún á vissan hátt er að mestu leyti orðin: ótakmörkuð lýsing á fjöld tungumálsleikja.

Hinn möguleikinn, sem væri enn verri, er að heimspekin útnefni einn ákveðinn tungumálsleik og haldi því fram að hann sé sá eini sem geti bjargað henni. Heidegger hélt því beinlínis fram, fyrst um gríska tungu og síðan um þá þýsku, að hún byggji yfir innra heimspekilegu gildi. Hann sagði: „Veran talar grísku.“ Hann sagði að þýsk tunga væri, á vissan hátt, eina tungumálið þar sem hugsunin gæti mætt þeirri áskorun sem örlög hennar krefjast. Og það er óumflýjanleg tenging á milli þessarar upphafningar á tilteknu tungumáli og þeirrar pólitísku afstöðu sem leiddi af sér stuðning Heideggers við þýska þjóðernishyggu í sinni glæpsamlegu mynd hjá nasistum.

Hvað rökgreiningarheimspeki áhrærir er dagljóst að hún ljær vísindalegu tungumáli einhliða sérstöðu sem því tungumáli þar sem reglur eru bæði skýrt lagðar fram og eiga best við um viðfangsefni þess. Þetta er ljóst af því hvernig greint er á milli vits og vit-leysu með því að dulbúa greinarmuninn sem reglu, líkt og sjá má í stærðfræði og vísindalegu tungumáli yfirleitt. En þessi forréttindi eru í sjálfu sér heimspekilega varhugaverð vegna þess að þau leiða beint til fyrirlitningar á öllum krókum og kimum sem þráast gegn yfirráð-

um vísindalegs tungumáls. Og þau forréttindi sem þessu tungumáli eru veitt einangra ákveðna birtingarmynd skynseminnar sem hefur óhjákvæmilega í för með sér óbeit eða fyrirliitningu eða að augunum er lokað fyrir þeirri staðreynd að jafnvel nú á dögum hefur yfirgnæfandi meirihluti mannkyns slíkt tungumál ekki á valdi sínu.

Ef við horfum á hinn bóginn framhjá sannleikshugtakinu, ef aldrei verður neitt á vegi okkar nema fjölgildi merkinga, þá mun heimspekin aldrei mæta þeirri áskorun sem heimur ofurseldur markaðsvæðingu peninga og upplýsinga setur henni. Þessi heimur einkennist af stjórnleysi meira og minna reglubundinna, meira og minna umritaðra flóða, þar sem skipst er á peningum, framleiðslu og myndum. Eigi heimspekin að fullnægja löngun sinni í slíkum heimi verður hún að setja fram lögmál sem valda truflun. Hún verður að bjóða hugsuninni eitthvað sem getur truflað þetta endalausla ofríki umferðarinnar. Heimspekin verður að kanna hvort truflunarpunktur sé mögulegur – ekki vegna þess að það verði að trufla allt þetta – heldur vegna þess að hugsunin verður að minnsta kosti að geta slitið sig lausa frá þessari umferð og tekið sjálfa sig taki á ný sem eitthvað annað en viðfang þeirrar sömu umferðar. Augljóst er að slíkur truflunarpunktur getur aðeins verið skilyrðislaus krafa; þ.e. eitthvað sem er undirorpið hugsuninni án skilyrða annars en sjálfs sín og sem er hvorki útskiptanlegt né fallið til þess að vera sett á markað. Að það sé um slíkan truflunarpunkt að ræða, að það sé að minnsta kosti ein skilyrðislaus krafa, er að mínu mati skilyrði fyrir tilvist heimspekinnar *sine qua non*. Í fjarveru slíks punktar er *ekkert annað fyrir bendi en* almenn hringrás þekkingar, upplýsinga, varnings, peninga og ímynda. Að mínu mati er ekki hægt að mæta þessari skilyrðislausu kröfu með tillögunni um fjöld merkinga. Hún þarfnast líka endursköpunar eða endurbirtingar sannleikskvívarinnar.

Við erum ofurseld ósamkvæmum myndum og ummælum fjölmiðla. Hvernig má vinna gegn þessu? Ég held ekki að nokkuð geti veitt þessu viðnám annað en þolinmóð leit að a.m.k. einum sannleika, og hugsanlega nokkrum; ella mun hin eðlislæga órökvísi fjölmiðlanna halda áfram að troða upp á okkur karnivali sínu.

Heimspekin krefst þess að við köstum teningunum gegn öryggisáráttunni, að við truflum útreikningana á lífinu sem stjórnast af öryggi. En hverjar eru sigurlíkur heimspekinnar, nema í nafni gildis sem myndi taka völdin yfir þessari áhættu og gefa henni lágmarks-

samkvæmni og vægi? Hér trúi ég því enn að það sé hégómlegt að ímynda sér að án sannleiks-grunnreglu sé mögulegt að setja tilvistarlegt veðmál til höfuðs útreikningum lífsins, veðmál sem gæti leitt af sér eitthvað sem kalla mætti frelsi.

Getur löngunin í heimspeki, að gefnum grunnviðmiðum samtímaheimspekinnar, hafst við í heiminum eins og hann er? Getum við viðhaldið víddunum fjórum, uppreisn, rökvisi, algildi og áhættu, andspænis móttstöðunum fjórum: varningi, boðskiptum, tæknilegri tvístrun og öryggisáráttunni?

Ég fullyrði að þetta er ekki unnt að gera innan ramma hinnar túlkunarfræðilegu, rökfræðilegu eða póstmóðernísku hneigðar heimspekinnar. Að mínu mati hafa þessar hneigðir orðið of handgengnar fjölgildi merkinga og fjöld tungumála. Það er eitthvað í þeim sem gengur of langt í að endurspeglar ásýnd veraldarinnar sjálfar. Þær koma of auðveldlega heim og saman við heim okkar til að geta axlað það rof eða þá fjarlægð sem heimspekin krefst.

Til varnar nýjum heimspekistíl

Afstaða mín er að brjótast beri út úr þessum hugsanarömmum, að finna annan heimspekistíl, stíl sem er annað en túlkun, rökgreining, eða stíll fjölgildis og tungumálsleikja – þ.e. að finna grunnstíl, ákveðinn stíll, stíl af skóla Descartes, svo dæmi sé nefnt.

Slíka afstöðu má styðja með tveimur hugmyndum, báðum einföldum, en að mínu máti báðum nauðsynlegum skilyrðum fyrir framhald heimspekinnar. Fyrri hugmyndin er sú að tungumálið sé ekki tæmandi sjóndeildarhringur hugsunarinnar. Það verður að snúa við hinni miklu málspekilegu beygju heimspekinnar. Í *Kratýlosí*, sem frá upphafi til enda snýst um tungumálið, segir Platon: „Við heimspekingar hefjum ekki för okkar þar sem orðin eru, heldur hlutirnir.“ Hvað sem kann að vera erfitt eða flókið við þessa fullyrðingu, þá er ég hlynntur því að heimspekin hleypi nýju lífi í hugmyndina um að hún leggi ekki upp út frá orðum, heldur hlutum. Óþarft er að taka fram að það verður að viðurkenna að tungumálið er alltaf það sem má kalla hið sögulega efni sannleikans og heimspekinnar. Tungumálið gefur alltaf það sem ég myndi kalla lit heimspekinnar, tóntegund hennar og tónhæð. Tungumálið leggur okkur til allar

Þessar stöku birtingarmyndir. En ég vil jafnframt halda því fram að þetta sé ekki hin undirliggjandi regla í skipulagi hugsunarinnar. Sú grunnregla sem heimspekin getur ekki kastað fyrir róða er að geta hennar til tjáningar sé algild, óháð stíl- og litbrigðum, óháð sambandi hennar við eitt tungumál eða annað. Heimspekin getur ekki kastað því fyrir róða að ávarp hennar beinist að öllum, sú er a.m.k. ætlunin, ef ekki raunin, og að hún undanskilur ekki frá þessu ávarpi neina tungumáls-, þjóðernis-, trúar- eða kynþáttahópa. Heimspekin hyglir engu tungumáli, ekki einu sinni því sem hún er skrifuð á. Heimspekin er ekki bundin við draumsýn vísindalegs tungumáls um hið hreina form. Henni er tungumálið eðlislægt, en innan þess heimavallar er ávarp hennar algilt.

Hin hugmyndin er að hið einstaka og ósmættanlega hlutverk heimspekinnar sé að staðsetja fastan punkt innan orðræðunnar, punkt sem truflar, punkt sem slítur, punkt sem lýtur engum skilyrðum. Veröld okkar einkennist af hraða hennar; hraða sögulegra breytinga, hraða miðlunar og boða, og jafnvel þeim hraða sem einkennir tengsl einnar mannveru við aðra. Þessi hraði skapar okkur hættu á mikilli ósamkvæmni. Það er vegna þess hve hratt hlutir, myndir og tengsl ferðast að við höfum ekki einu sinni tíma til mæla hve langt þessi ósamkvæmni nær. Hraðinn er gríma ósamkvæmninnar. Heimspekin á að leggja til hægingarferli. Hún verður að hanna tíma fyrir hugsun, tíma sem getur orðið hennar eigin tími andspænis dagskipun hraðans. Ég álfít þetta einstakan eiginleika heimspekinnar: að hugsun hennar er letileg, því nú á dögum þarfnast uppreisnin leti en ekki hraða. Þessi hugsun, hæg og einmitt þess vegna uppreisnargjörn, getur staðsett fastapunktinn – hver sem hann kann að vera, hvert sem nafn hans kann að vera – sem við þurfum til að viðhalda löngun heimspekinnar.

Í grunninn er þetta spurning um heimspekilega endurreisn sannleikskvíarinnar á hægum hraða sem mun einangra okkur frá hraða veraldarinnar – ekki í þeirri mynd sem við höfum fengið hana í arf frá frumspekinni, heldur eins og við getum endurskapað hana, með tilliti til núverandi ástands heimsins. Spurningin snýst um að endurskipuleggja heimspekina með tilliti til þessarar endursköpunar og að gefa henni tímann og rýmið sem hún þarfnast. Þannig gerum við ráð fyrir að heimspekin muni ekki lengur elta ólar við heiminn, að hún muni hætta að reyna að vera jafn hröð og heimurinn, vegna

Þess að með því að vilja hraðann leysir heimspekin sjálfa sig upp í miðjum hjartslætti löngunar sinnar, ófær um að viðhalda uppreisn sinni, að setja fram rökvísi sína, að vita hvað algilt ávarp er, eða að taka áhættu og frelsa tilveruna.

Heimurinn lætur heimspekina sitja fyrir svörum

Vandinn virðist snúast um að vita hvort það sé minnsti möguleiki, í heiminum eins og hann er, á því að slíkt verkefni geti gengið upp eða náð máli, eða hvort það sem hér er haldið fram sé enn eitt vonlítið ákallið. Enginn vafi leikur á að heimspekin er sjúk. Eins og alltaf snýst vandinn um að komast að því hvort sjúkleikinn leiðir til dauða eða ekki, að sjúkdómsgreina rétt og að komast að því hvort lækningin sem lögð er til sé jafnvel, eins og er oft raunin, einmitt það sem muni ríða sjúklingnum að fullu. Sannleikurinn þjáist af tveimur meinum. Að mínu mati þjáist hann af málspekilegri afstæðishyggju, þ.e. því að hann hefur flækst í vandræðagangi um ósamræmanleika margra merkinga; og hann þjáist einnig af söguspekilegri svartskýni, þ.m.t. um sjálfan sig.

Tilgáta mín er að þótt heimspekin sé sjúk sé hún ekki jafn sjúk og hún heldur að hún sé, ekki jafn sjúk og hún segist vera. Eitt einkenni samtímaheimspeki er að velta sér í löngu máli upp úr banvænum sjúkleika sínum. En þú veist að þegar það er sjúklingurinn sem segir til um veikindin er alltaf mögulegt að hann sé að minnsta kosti að nokkru leyti haldinn ímyndunarveiki. Og ég held að þetta sé raunin, því heimurinn sjálfur, þrátt fyrir allan þann neikvæða þrýsing sem hann beitir löngun heimspekinnar, heimurinn, þ.e. fólkið sem í honum býr og hugsar í honum, þessi heimur, ætlast til einhvers af heimspekinni. Heimspekin er samt of niðurdregin til að bregðast við sökum dauðyfllislegrar sjálfsmyndar sinnar.

Fjórar ástæður fá mig til að halda að heimurinn biðji heimspekina um eitthvað.

Fyrsta ástæðan er að við vitum að það er ómögulegt að hugvísindin geti komið í stað heimspekinnar. Vitundin um þetta virðist vera nokkuð útbreidd þar eð hugvísindin hafa orðið að kjörlendi tölfræðinnar.¹ Hugvísindin eru þannig sjálf föst í flæði merkingar og fjöl-

1 [Í Frakklandi eru ýmis vísindi sem annars staðar eru kennd innan félagsvísindadeilda kennd innan hugvísindadeilda háskóla. Þýð.]

gilda hennar því þau mæla magntölur flæðis. Það er tilgangur þeirra. Í grunninn eru þau í þjónustu skoðanakannana, kosningaspáa, lýðfræðilegra meðaltala, faraldsfræðilegra hlutfalla, þess sem fólk fellur í geð eða ekki, og alls þess sem getur ábyggilega leitt af sér áhugaverðan starfa. En þessar tölfraðilegu og talnalegu upplýsingar eru alls ótengdar því sem menntan, eða hver og ein algjörlega stök vera, snýst um. Allir vita að hið staka er alltaf á endanum hin sanna miðja sérhverrar ákvörðunar sem skiptir máli, og að allur sannleikur er fyrst kynntur í formi hins algjörlega staka – líkt og sjá má í vísindalegri uppötvun, listrænni sköpun, pólitískum nýjungum, eða í þeim samfundi sem ástin er. Í sérhverju tilfalli þar sem sannleikur er á einhvern hátt hermdur upp á tilveruna er hann byggður á hinu staka. Meðaltöl, tölfraði, félagsfraði, sagnfraði, lýðfraði eða skoðanakannanir eru ekki fær um að kenna okkur hver saga sannleikans er. Heimurinn krefur heimspekina þannig um að vera heimspeki hins staka, að vera færa um að lýsa hinu staka og hugsa það, sem er nákvæmlega það sem almennar tilhneigingar í hugvísindum virðast ekki hafa að markmiði. Þetta er fyrsta ástæðan.

Önnur ástæðan er að við erum að horfa upp á eyðileggingu þeirra miklu sameiginlegu fyrirætlana sem við ímynduðum okkur eitt sinn að fælu í sér frjókorn frelsunar og sannleika. Við vitum núna að um slíka stóra frelsunarkrafta er ekki að ræða, að hvorki framfarir, öreigastétt né nokkuð slíkt fyrirfinnst. Við vitum að við erum ekki leidd áfram af slíkum öflum og að það er engin von um að við getum viðhaldið löngun okkar með því einu að gangast slíku afli á hönd, eða með því að tilheyra því. Hvað merkir þetta? Þetta merkir að hvert og eitt okkar, og ekki aðeins heimspekingurinn, veit að á okkar dögum verðum við að taka ákvörðun okkar og tala í eigin nafni þegar hið ómennska mætir okkur. Það er ekki hægt að fela sig á bak við neitt sameiginlegt fyrirkomulag, neitt meint afl, neina frumspekilega heild sem getur tekið af skarið í stað manns sjálfs. En til þess að taka afstöðu í eigin nafni andspænis hinu ómennska krefst ákvörðunin fasts punkts. Við höfum þörf fyrir skilyrðislausu grunnreglu til að sjá um bæði ákvörðunina og samþykkið. Þetta er það sem allir kalla nú þörfina á því að snúa aftur til siðfræðinnar. En látum okkur ekki verða á í messunni. Heimspekilega séð er nauðsynlegt að snúa aftur til skilyrðislausu grunnreglna, ætlum við að snúa aftur til siðfræðinnar. Sú stund

kemur að við verðum að geta sagt að eitt sé rétt og annað rangt, í ljósi sönnunargagna sem byggjast á grunnreglunni. Við getum ekki búið við endalaus smættun í gegnum blaður og tölfraedi. Það verða að vera setningar sem hægt er að segja að séu sannar án skilyrða. Við vitum fullvel að þegar afstöðu og samþykki er krafist til gefinnar spurningar er að lokum nauðsynlegt að finna afstöðu sem er skilyrðislaust sönn í augum allra. Þannig er ekki hægt að segja að hvert okkar verði að taka afstöðu í eigin nafni þegar staðið er andspænis hinu ómennska án þess að heimspekin gangist á ný við vídd sannleikans. Og heimurinn eins og hann er krefst þessa, og hann krefst þess af heimspekinni.

Þriðja ástæðan tengist nýtilkomnum uppgangi afturhaldssamra eða forneskjulegra ástríðna; þ.e. uppgangi menningarlegra, trúarlegra, þjóðernislegra og kynþáttatengdra ástríðna. Þessi sögulega greinanlegu fyrirbæri hafa einnig fætt af sér kröfu á hendur heimspekinni. Þegar heimspekin stendur á ný andspænis þessum ástríðum öðlast hún hvata til að tala um hvar skynsemin liggur, því þessar ástríður eru samtímalegar birtingarmyndir óskynsamlegrar forneskju og þeim fylgir dauði og eyðilegging. Heimspekin verður að úttala sig um stöðu skynseminnar í samtímanum. Við vitum að þessi skynsemi getur ekki verið endurtekning á sígildri hughyggju, en við vitum einnig að við getum ekki án hennar verið, ef við viljum ekki standa eftir í algjöru vitsmunalegu máttleysi andspænis ógnun þessara afturhaldssömu ástríðna. Við verðum því að smíða skynsamlega heimspeki í þessum skilningi hugtaksins; þ.e. í þeim skilningi að heimspekin verður að standa við það sem hún hefur þegar ákvarðað í takt við skilyrði okkar tíma.

Fjórða og síðasta ástæðan er að heimurinn sem við lifum í er varnarlaus og óstöðugur. Hann er alls ekki stöðugur heimur innan einingar eigin sögu. Við megum ekki leyfa hnattrænu samþykki á gildum frjálslyndrar hagfræði og fulltrúalýðræðis að skyggja á þá staðreynd að tuttugasta öldin hefur fætt af sér ofbeldisfullan og hvikulan heim. Efnislegur, hugmyndafræðilegur og vitsmunalegur grundvöllur hans er ósamstæður, ósameinaður og að miklu leyti ósamkvæmur sjálfum sér. Þessi heimur lýsir ekki yfir friðsæld línulegrar framþróunar, heldur miklu fremur röð dramatískra áfalla og þversagnakenndra atburða. Tökum tvö nýleg dæmi: Persaflóastríðið og fall skrifinnskusósíalismsans. Bætum við þetta stríðinu í Bosníu og

fjöldamorðunum í Rúanda. En látum ekki blekkjast: Þessir atburðir eru aðeins byrjunin á langri runu. Heimspekin verður að tryggja að hugsunin geti mótttekið og samþykkt átök atburðarins kvíðalaust. Við þurfum í grunninn ekki á heimspeki um formgerð hlutanna að halda. Við þurfum heimspeki sem er opin fyrir einstökum ósmættanleika þess sem gerist, heimspeki sem getur nærst og þrífist á hinu óvænta. Slík heimspeki yrði heimspeki atburðarins. Heimurinn krefst einnig þessa af heimspekinni, heimurinn eins og hann er.

Ný kennisetning um sjálfsveruna

Það sem heimurinn krefur okkur um er því heimspeki hins staka, heimspeki skynseminnar í samtímanum, og heimspeki atburðarins. Þetta er verkefni í sjálfu sér. Til að ná þessu markmiði verðum við að halda út fyrir vébönd hinna þriggja grunntilhneiginga heimspekinnar sem ég hef lýst. Við þurfum einbeittari og kröfuharðari heimspeki, en sem er á sama tíma hógværingi, fjarlægari heiminum og í meira mæli lýsandi. Heimspeki sem fléttar saman á skynsamlegan hátt hinn staka atburð og hinn staka sannleika. Heimspeki sem er opin fyrir hendingu, en hendingu sem er undirorpin lögum skynseminnar; heimspeki sem viðheldur skilyrðislausum viðmiðum, skilyrðislaus en undirorpin lögum sem eru ekki af meiði guðfræðinnar.

Þetta gefur okkur kost á að setja fram nýja kennisetningu um sjálfsveruna – og ég held að þetta eigi að vera mikilvægasta markmiðið. Við munum geta sagt hvað sjálfsvera er með öðrum hugtökum en þeim sem Descartes, Kant eða Hegel notuðu. Þessi sjálfsvera verður einstök og ekki algild, og hún verður einstök af því að hún verður alltaf atburður sem mótar sjálfsveruna sem sannleika.

Í ljósi þessa markmiðs má sannarlega segja að frumspeki sannleikans sé ónýtt og að sígild hughyggja sé ónóg. En á vissan hátt er afbygging frumspekinnar og andmælin við hughyggju líka ófullnægjandi. Heimurinn þarfnast endursköpunar heimspekinnar á rústum frumspekinnar, þar sem hún er sett saman við og blönduð gagnrýni samtímans á frumspekina.

Ég er sannfærður um, og þetta er ástæðan fyrir bjartsýni minni, að heimurinn þarfnist heimspekinnar meira en heimspekin heldur. Heimspekin er sjúk, hún kann að vera í dauðateygjunum, en ég

Alain Badiou

er viss um að heimurinn (heimurinn, hvorki Guð né spámaðurinn, heldur heimurinn) segi nú við heimspekina: „Statt upp og gakk!“

Víðar Þorsteinsson þýðði